bauð konúngur honum fje sitt, enn Flóres neitaði; bauð ko-
-núngur honum með sjer að vera, og eitt konúngsríki, enn Flór-
-es þakkaði honum og sagðist heimfús vera; voru þau þar
síðan 12. mánuði; skipaði Flóres svo við dirvarð og Daríuni,
að konúngur fjekk þeim bóðunum; gefur konúngur Marsil-
-ió konúngi sitt ríki, enn jalldóminn dirvarði; Daríó gefur hann
það vald, er áður hafði dirvarður, torkindinum gaf hann það hús
er Daríus átti, og gjörir þetta alt sakir Flóres. Býr nú Flóres ferð
sína, tók hann af konúngi alt sem hann þurfti til ferðarinnar
að hafa, og gaf konúngur honum sína vináttu og hvað er hann þur-
-fti; gánga Flóres og Blankiflúr til konúngs, og taka orlof
af konúngi, ljet hann fá þeim það, er þurfti að hafa, og fjekk
þeim sína menn til fylgdar, bað konúngur þau vel fara; gánga
þau nú á skip, og gaf þeim góðann byr og sigldu heim á 15án dægr-
-um. Og er þau komu heim, var faðir hans og móðir önduð, og
landið stjórnlaust; varð fólkið honum stórlega fegið og
tóku hann til konúngs; lætur Flóres hlaða skip konúngs með
góðunum gripunum, er fágjetastir voru í Babílon, enn sendi aptur
til Babílon alla þá menn, er honum höfðu fylgt, þá klæddi
hann með baldikinn eða silki dýru; enn síðan fóru þeir heim,
og fóru jafnan gjafir á milli konúnganna. Ljet Flóres nú efna
til brúðkaups, og bauð til sín öllum hinum bestu mönnum
er í hans ríki var; síðan voru þau í hjúskap 3. vetur og gátu
3. sonu. Bað Blankiflúr þau fá þángað fara, er var ætt hennar;
játaði Flóres því og bjuggu ferð sína ríkuglega og höfðu skip
yfir hafið og 3. hesta á hverju skipi, enn þá er þau komu til Ró-
-manaborgar. Þá riðu þau upp til Frakklands með 300und hesta,
enn fólk hans var sumt eptir á skipunum; og er þau komu
til Parísborgar, þar fundu þau jarla og hennar frændur, og fögn-
-uðu henni með mikilli gleði; voru þau þar 3. mánuði, og einn
dag beiddi Blankiflúr hann að sjá fagrar kirkjur, enn þau
næst vildi Flóres aptur snúast. Þá mælti Blankiflúr: seigja
vil jeg áður heit mitt, er jeg hjet. Þá er jeg (var eða) kom í Babílon,
og ég hugðust þig aldrei sjá meir, enn ef við fundumst, þá
hjet jeg því, að innan 5. vetra skyldi jeg skiljast við þig og fara
til hreinlífis, nema þjer takið við kristni; nú kjósið annað-
hvort! Flóres mælti: nú á þessum degi vil jeg við kristni
taka. Svo var gjört, að þau voru skírð, og alt það fólk sem með
þeim var; höfðu með sjer biskup og marga presta; fara nú heim-
leið. Að fyrsta dag, er þau komu, ljet konúngur þíngstefna og kall-
-ar til sín alt landsfólk og bauð þeim við kristni að taka, enn
hver er ekki vildi, þá ljet konúngur drepa þá alla; síðan ljet ha-